



Ferðamálastofa óskar eftir umsóknum um að vinna eftirfarandi rannsóknarverkefni

Þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu: Tæki til högg- og aðgerðagreininga og hagspáa

Verkefnið snýst um að gera sérstakt þjóðhagslíkan (geiralíkan) fyrir ferðaþjónustu á Íslandi sem tengt er inn í fyrirliggjandi þjóðhagslíkön (Seðlabankans/ Hagstofunnar) fyrir hagkerfið í heild. Líkan þetta á að hafa alla venjulega getu þjóðhagslíkana, þ.á.m. til að:

- Meta áhrif ferðaþjónustunnar á efnahagslífið í heild (þ.e. þjóðhagsstærðir eins og VLF og atvinnustig).
- Meta áhrif annarra þátta efnahagslífsins (eins og t.d. gengis, verðlags atvinnustigs og skatta) á ferðaþjónustuna.
- Rekja þjóðhagsleg áhrif breytinga í aðstæðum ferðaþjónustunnar (t.d. högga eins og COVID-19, brottfalls flugfélaga eða ávinnings eins og opunar stórra flugleiða) á ferðaþjónustuna og efnahagslífið í heild.
- Rekja áhrif opinberra aðgerða (t.d. uppbyggingar innviða, nýrra gjalda, auglýsingaherferðar o.s.frv.) á ferðaþjónustu og efnahagslífið í heild þannig að unnt sé að velja þær opinberu aðgerðir sem líklegastar eru til að ná þeim markmiðum um ferðaþjónustu sem að er stefnt.
- Spá fyrir um framlag ferðaþjónustunnar til efnahagslífsins og hagvaxtar í framtíðinni á grundvelli spáa um umsvif í ferðaþjónustu (fjölda ferðamanna o.s.frv.).

Fyrsta þepið í þessu verkefni er að gera þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustuna. Annað þepið er að tengja það við fyrirliggjandi þjóðhagslíkön með fræðilega samkvæmum (e.consistent) hætti. Þriðja þepið er að staðfesta virkni og áreiðanleika þessa líkans. Fjórða þepið er að fella þetta líkanakerfi inn í sæmilega þjált forrit til hagnýtra nota.

Í verkefni þessu þarf að hafa viðeigandi samvinnu við Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, fjármálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, sem ýmist vinna þjóðhagsreikninga, reka þjóðhagslíkön og eða hafa not af þjóðhagslíkani fyrir ferðaþjónustuna.

Tímarammi verkefnis: 2020-2025.

Afurðir: (i) Fullbúið þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu. (ii) Virk tenging þessa þjóðhagslíkans við þjóðhagslíkan fyrir hagkerfið í heild. (iii) Fullbúið forritakerfi sem leyfir greiningu á áhrifum breytinga í ferðaþjónustu á helstu þjóðhagsstærðir og öfugt. (iv) Einfaldar keyrslur líkans aðgengilegar á heimasíðu/mælaborði Ferðamálastofu. (v) Ýtarlegar árlegar skýrslur um verkefnið og framgang þess.

Kostnaður: Ferðamálastofa hefur áætlað kostnað vegna þessa verkefnis 10 m.kr. á ári fyrstu þrjú árin.

Umsóknum skal fylgja:

1. Vandleg áfangaskipt rannsóknaráætlun ásamt tímaáætlun.
2. Skrá yfir helstu rannsakendur í verkefninu og sérfræði þeirra ásamt ferilskrá.
3. Sundurliðuð kostnaðaráætlun.

Við mat verkefna er miðað við eftirfarandi fjóra matsþætti:

1. Fræðileg gæði umsóknar.
2. Raunhæfni rannsóknar- og tímaáætlana.
3. Fræðilegur styrkur rannsóknarteymis.
4. Kostnaður við verkefnið.

Aðeins verkefni sem standast matskröfur 1 til 3 koma til skoðunar samkvæmt matsþætti 4.

Fyrirspurnir og umsóknarfrestur: Fyrirspurnir og umsóknir skal senda á netfangið johann@ferdamalastofa.is fyrir kl. 16.00 mánudaginn 28. september næstkomandi.